

Nr. 074 / 15 Jötunn***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2756
Smíðaður: Gorinchem Holland 2008, stál
Stærð: 86 brl. 95,7 bt.
Mesta lengd: 19,44 m Skráð lengd: 17,77 m
Breidd: 7,3 m Dýpt: 3,39 m
Vél: Caterpillar 1492 kW, 2007
Fjöldi skipverja: 2



Jötunn©Guðmundur St. Valdimarsson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. júní 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 30. júní 2015 var dráttarbáturinn Jötunn á siglingu í Reykjavíkurhöfn. Veður: Logn.

Báturinn hafði ný lokið við að aðstoða skemmtiferðaskipið Marco Polo við Korngarð og síðan siglt að Sundabakka til að skipta um áhöfn. Skipstjórinn misreiknaði fjarlægðina í bryggjuna og skall báturinn harkalega með stefnið í hana með þeim afleiðingum að vélstjórinn, sem var að ganga fram með yfirbyggingunni á bakborða, féll í þilfarið og slasaðist.

Við rannsókn kom fram:

- að ekki stóð til að binda bátinn heldur aðeins að stinga stefninu í bryggjuna og hafa áhafnaskiptin með þeim hætti;
- að skipstjórinn taldi eina af ástæðum mistaka sinna vera þreytu. Hann hefði verið að klára 12 tíma næturvakt og hafði verið vakandi í um 23 klst. samfleytt en kvaðst hafa náð í um klukkustundar „kríu“ um nóttina.

Nefndarálit:

Orsök atviksins eru mistök vegna þreytu skipstjóra.